



Skrifað á miða

Aðferð til að bjóða val
og eiga samtál um staðreyndir

Helle Kristensen
ráðgjafi

Fjölmennt, símenntunar- og þekkingarmiðstöð




Aðferðin byggir á...

- fyrstu stigum í hraðhvataaðferðinni (e. Rapid Prompting Method, RPM), aðferð til kennslu og tjáningar
- þekkingu á einhverfu, ólíkri skynjun og skynhreyfihömlun (e. apraxia)
- að hafa trú á því að viðmælandi skilji og geti haft eitthvað um hlutina að segja
- skilningi á að viðmælandi geti þurft hvata til að svara
- að höfða til fleiri skynsviða (sjón, heyrn, hreyfiskyn, snerting)
- að nota ákveðinn takt og flæði til þess að halda athygli og kalla fram svar



Aðferðin í hnotskurn

1. Rífa tvo miða af blaði (heyrn)
2. Einn valmöguleiki skrifaður á hvorn miða (sjón)
3. Segja hvern staf upphátt um leið og hann er skrifaður (heyrn)
4. Banka í hvorn miðann um sig (heyrn) EÐA rétta upp miðana og hrista þá (sjón og hreyfiskyn) og endurtaka það sem stendur
5. Rétta viðmælenda penna eða blýant í höndina sem hvata til að svara (snerting)



Muna að:

- Passa að athyglin þín sé á miðunum
- Staðsetja miðana jafn langt frá svar-höndinni

Leiðbeiningar frá
Unlocking Voices,
Bretlandi:
[Basic Principles of
Written Choices](#)




Hvernig er best að bregðast við...

- Ef viðmælandi bendir alltaf sömu megin?
 - Prófa að bjóða tvo mjög ólíka valmöguleika
 - Finna út hvað viðmælanda líkar og setja þann valmöguleika hinum megin
 - Bjóða valmöguleika sem auðvelt er að verða við og sem valda ekki óþægindum (t.d. lag til að hlusta á) og bregðast alltaf við því sem valið er
- Ef viðmælandi segir eitt en bendir á annað?
 - Sleppa því að endurtaka það sem stendur á miðunum
 - Taka frekar mark á því sem bent er á – talmálið getur verið óáreiðanlegt
 - Segja “ég ætla að prófa að spyrja þig aftur til þess að vera alveg viss” og endurtaka ferlið
- Ef viðmælandi velur ekkert?
 - Prófa að hrista miðana í stað þess að banka í þá
 - Prófa að nota stuttan, munnlegan hvata (t.d. “velja”, “og benda” eða “já, sýndu mér”)
 - Prófa að stappa einu sinni eða smella fingrum til þess að kalla fram svar



Samtal um staðreyndir

- Byggir á að skrifa á miða
- Ánægjulegt samtal um áhugavert efni þar sem viðmælanda er gert kleift að svara og vera virkur þátttakandi
- Mörg eiga auðveldara með að taka þátt í samtali um staðreyndir heldur en samtali um álit eða tilfinningar
- Góð leið til að fræðast um umheiminn





Samtal um staðreyndir frh.

- Samtalið er undirbúið út frá aldursviðeigandi efni – t.d. frétt, skáldsögu eða fræðsluefni. Ákveðið er fyrirfram:
 - Hverju á að segja frá?
 - Hvað á að spyrja um?
 - Hvaða svarmöguleika á að bjóða?
- Í samtalinu sjálfu er sagt frá einu/nokkrum atriðum í einu og síðan spurt og boðið svarmöguleika með því að skrifa á miða
- Lykilatriði eru skrifuð upp á nýtt blað og svör viðmælanda fest á jafnóðum með límbandi



Hvernig er best að bregðast við...

- Þegar viðmælandi svarar rétt?
 - Forðast að leggja áherslu á “rétt” eða “rangt”
 - Taka undir og bæta við (t.d. “já, lundinn kemur yfirleitt til Íslands í byrjun apríl – og það sést alltaf fyrst til hans á norður- eða norðausturlandi”)
 - Sem sagt búa til samtal frekar en yfirheyrslu
- Ef viðmælandi svarar rangt?
 - Forðast að segja “nei” eða “rangt”
 - Prófa að endurtaka efnið og etv. bjóða nýja svarmöguleika
 - Útskýra svarmöguleikana – mögulega þekkir viðmælandi ekki hugtökin – og halda síðan áfram með samtalið án þess að spyrja meira út í þetta atriði
 - Sem sagt miða að því að viðmælandi fái jákvæða upplifun af samtalinu